

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 265/2023

frá 27. október 2023

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1434 frá 25. apríl 2023 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, að því er varðar að bæta athugasemdum við lið 1.1.3 í 1. hluta VI. viðauka, í því skyni að laga hana að tæknilegum og vísindalegum framförum ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1435 frá 2. maí 2023 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna að því er varðar að breyta færslum í 3. hluta VI. viðauka um 2-etylhexansýru og sölt hennar, bórsýru, díbórtríoxíð, tetrabórdínatríumheptaoxíðhýdrat, dínatríumtetrabórat, vatnsfrítt, ortóbórsýru, natríumsalt, dínatríumtetrabóratdekahýdrat og dínatríumtetrabóratpentahýdrat ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framselda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1437 frá 4. maí 2023 um breytingu á IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir notkun kvikasilfurs í bræðsluþrýstiskynjara fyrir hárpípuvökvarennslismæla við tiltekin skilyrði, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni ⁽³⁾.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

I. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 176, 11.7.2023, bls. 3.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 176, 11.7.2023, bls. 6.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 176, 11.7.2023, bls. 14.

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 12q (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB):

„– **32023 L 1437**: Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1437 frá 4. maí 2023 (Stjtið. ESB L 176, 11.7.2023, bls. 14).“

2. Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 12zze (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008):

„– **32023 R 1434**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1434 frá 25. apríl 2023 (Stjtið. ESB L 176, 11.7.2023, bls. 3),

– **32023 R 1435**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1435 frá 2. maí 2023 (Stjtið. ESB L 176, 11.7.2023, bls. 6).“

2. gr.

Texti framseldrar tilskipunar (ESB) 2023/1437 og framseldra reglugerða (ESB) 2023/1434 og (ESB) 2023/1435, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 28. október 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. október 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Pascal Schafhauser

formaður

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.